

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 14. júlí 2017
UST201705-079/K.S.J.
10.04.02

Efni: Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2016 - 2028

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa er barst 8. maísl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Flóahrepps 2016 – 2028.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að Sveitafélagið Flóahreppur varð til árið 2006 þegar Hraungerðis-, Villingaholts- og Gaulverjabæjarhreppur sameinuðust. Sveitarfélagið liggur neðan Hvítár-Ölfusár og nær alveg niður í sjó og er alls 290 km².

Efnistökusvæði

Í umfjöllun um efnistökusvæði kemur fram að að hraunnáma í Merkurhrauni er stærsta náma sveitarfélagsins, en þar er þegar hafin námavinnsla. Umhverfisstofnun tekur undir það að lögð er áhersla á að gengið verði jafnóðum frá hlutum námunnar þar sem efnistöku er lokið og svæðið aðalagað að landi, til að forðast jarðvegsfök. Umhverfisstofnun bendir á að öll önnur efnistökusvæði eru áætluð af sömu stærð þ.e. 25.000 m² og efnistaka allt að 50.000 m³. Umhverfisstofnun bendir á að áætlun um magntöku skal endurspegla væntanlega efnisnýtingu á skipulagstímabilinu, en ekki ákvarðast skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um fráveitu í sveitarfélaginu en bendir á að mikilvægt er að tímasetja slíkar áætlanir.

Íbúðabyggð

Í umfjöllun um íbúðabyggð í greinargerð kemur fram að 16 svæði alls 410 hektarar hafa verið skipulögð fyrir íbúðabyggð, en 10 þeirra eru óbyggð. Einnig kemur fram að sveitarstjórn vill minnka og fækka íbúðarsvæðum í sveitarfélaginu og að ekki er gert ráð fyrir nýjum íbúðasvæðum. Umhverfisstofnun tekur undir stefnuna með sveitarfélaginu og bendir á að það er skv. stefnu Landskipulags að fjölgun íbúða í dreifbýli tengist fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi. Umhverfisstofnun vill

einnig benda á að í landsskipulagi er lögð áhersla á að hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefð, landslagi og staðháttum. Að mati stofnunarinnar fellur stefna Flóahrepps um dreifbýlisyfirbragð í sveitarfélaginu að þeirri stefnu.

Stefnumörkun, votlendi

Í umfjöllun um helstu viðmið er vitnað í ritið „*Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*“. Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að hafa sem viðmið eitt af þeim markmiðum er fram koma í ofangreindu riti sem er að „*Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands*“. Votlendi á suðurluta Íslands hefur að stórum hluta verið þurrkað upp og nú er svo komið að einungis 3% votlendis á Suðurlandi er eftir óraskað. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að innan Flóahrepps verði þess gætt að votlendi verði verndað sem er óraskað innan sveitarfélagsins.


Í umfjöllun um hverfisvernd vegna náttúruverndar kemur fram að nokkur hverfisvernduð svæði eru vatna- og votlendissvæði. Umhverfisstofnun tekur undir slíka vernd.

Í umfjöllun um flokkun landbúnaðarlands og niðurstöðu sveitarstjórnar í sama kafla kemur fram að þurrkun lands hefur áhrif á dýralíf og getur skert votlendi. Einnig er umfjöllun um votlendi í niðurstöðu sveitastjórnar og þar kemur fram að nauðsynlegt sé að huga að verndun votlendis þar sem breytingar kolefnisbúskap vistkerfa í mýrlendi hafi hnattræn áhrif. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þessarar umræðu en telur að í framhaldinu ætti að koma fram heildarstefna sveitarfélagsins varðandi varðveislu og endurheimt votlendis.

Samgöngur


Umhverfisstofnun tekur undir stefnu um göngu- og hjólastíga og þá stefnu sem er um vegasamgöngur.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.



Kristín L. Árnadóttir
Forstjóri

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur